

Fjallskilaseðill á Skarðsströnd 2020

Fjallskil á Skarðsströnd haustið 2020 skulu vera sem hér segir:

Fyrsta leit laugardaginn 19. september, réttarhald sunnudaginn 20. september kl 11:00

Önnur leit laugardaginn 3. október.

Skilarétt 4. október kl 14:00

Hamli veður leit skal leita næsta færa dag.

Leitarstjórar skulu vera:

Landamerki Saurbæjar og Skarðsstrandar að Tindagili: Guðmundur K. Gíslason.

Tindagil að Hrískinnaskotti: Hermann Karlsson

Hrískinnaskott að Klofningi: Þórður Baldursson.

Þeir sem vilja sækja fé sitt sjálfir í útréttir og vera undanþegnir gjalddöku í flutningssjóð, sendi sveitarstjóra skriflegt erindi þar um. Erindið skal berast á skrifstofu Dalabyggðar fyrir klukkan 12:00 föstudaginn 18. september 2019.

Dagsverk er metið á krónur 11.310 og eru 29 kindur í dagsverki.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnu fé til réttar áður en réttarhald hefst.

Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur sveitarstjórn látið smala landið á kostnað eigenda sbr. 39. gr laga nr 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil og fleira. Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeigenda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Gjalddagi fjallskilagjalda er 1. október og eindagi 31. október.

Ytri-Fagradal, 7 ágúst. 2020. Þórður Baldursson. Ólafur Eggertsson. Guðmundur Gíslason. Hermann Karlsson.